

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1982

Nr. 11.

12

3. mars 1982.

LÖG

um breyting á lögum um almannatryggingar, nr. 67/1971,
með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 14. gr. hljóði svo:

Barnalífeyrir er greiddur með börnum yngri en 18 ára, ef annað hvort foreldra er látið eða er örorkulífeyrisþegi, hafi annað hvort foreldra þess eða barnið sjálft átt hér lögheimili a. m. k. þrjú síðustu árin, áður en umsókn er lögð fram. Séu báðir foreldrar látnir eða örorkulífeyrisþegar, skal greiddur tvöfaldur barnalífeyrir.

2. gr.

2. mgr. 17. gr. hljóði svo:

Hafi bótaþegi barn yngra en 18 ára á framfæri sínu, á hann rétt á bótum í 12 mánuði til viðbótar, kr. 45 053 á mánuði.

3. gr.

Í 4. mgr. 45. gr. komi:

„18 ára“ í stað „17 ára“.

4. gr.

73. gr. hljóði svo:

Foreldri, sem fær úrskurð yfirvalds um meðlag með börnum sínum eða um sérstök framlög skv. 19. gr. barnalaga, nr. 9/1981, getur snúið sér til Tryggingastofnunar ríkisins og fengið greiðslur skv. úrskurði innan þeirra marka, er 14. gr. setur um fjárhæð meðlags og aldur barna.

Framlag til menntunar og starfspjálfunar samkvæmt 17. gr. barnalaga, nr. 9/1981, er þó heimilt að greiða samkvæmt úrskurði til 20 ára aldurs.

Á sama hátt getur barnsmóðir fengið skv. yfirvaldsúrskurði greitt hjá Tryggingastofnun ríkisins:

- a. Framfærslulífeyri í allt að 3 mánuði skv. 25. gr. 1. mgr. barnalaga nr. 9/1981.
- b. Hjúkrunar- og framfærslustyrk í allt að 9 mánuði skv. 25. gr. 2. mgr. barnalaga.
- c. Kostnað vegna meðgöngu og fæðingar skv. 26. gr. 1. mgr. barnalaga.

Þegar eftir að barnsfaðernismál er höfðað, þ. e. a. s. eftir að dómari hefur veitt viðtöku ósk frá réttum aðila um að málið sæti rannsókn og dómsmeðferð, getur móðir fengið meðlag greitt með barninu innan þeirra marka, er 14. gr. setur.

Þeir sem annast framfærslu barns að foreldri látnu eða af öðrum lögmætum ástæðum, þar með talin sveitarstjórn í framfærslusveit barnsins, hafi hún greitt fé til framfærslu þess, eiga sama rétt og foreldri eftir því, sem við getur átt.

Tryggingastofnuninni er heimilt að greiða meðlag aftur í tímann allt að 12 mánuði, talið frá byrjun þess mánaðar, sem yfirvaldsúrskurður eða vottorð um höfðun barnsfaðernismáls berst stofnuninni, enda eigi þá 4. mgr. 14. gr. ekki við.

Ákvæði þessarar greinar skulu gilda, eftir því sem við getur átt, um greiðslu meðlags, sem feður eða fráskildar konur fá úrskurðað með börnum sínum.

5. gr.

Ný grein, 74. gr., hljóði svo:

Tryggingastofnunin skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga innan eins mánaðar tilkynningu um fyrstu greiðslu skv. 73. gr. Tilkynningunni skal fylgja afrit af yfirvaldsúrskurði eða staðfestum samningi.

Innheimtustofnun sveitarfélaga endurgreiðir Tryggingastofnuninni greiðslur skv. 1.—3. mgr. 73. gr. vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga hérlandis, mánaðarlega eftir því sem innheimtist. Skiladagar vegna óinnheimtra skulda skulu vera 1. mars, 1. júní og 1. október, en þann dag skulu fullnaðarskil gerð.

Ríkissjóður endurgreiðir Tryggingastofnun ríkisins meðlög vegna barnsfeðra, sem framfærslurétt eiga erlendis, svo og meðlög greidd skv. 4. mgr. 73. gr. þar til meðlagsúrskurður liggur fyrir.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skulu ákvæði þeirra um réttindi og skyldur til samræmis við barnalög, nr. 9 15. apríl 1981, gilda frá og með 1. janúar 1982.

Gjört í Reykjavík, 3. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Pálmi Jónsson.

Nr. 12.

L Ö G

11. mars 1982.

um samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Starfa skal samstarfsnefnd Alþingis og þjóðkirkjunnar. Tilgangur hennar er að vinna að auknum skilningi í löggjafarstarfi á vandamálum og verkefnum kirkjunnar.

2. gr.

Samstarfsnefndina skipa af hálfu Alþingis forseti sameinaðs þings og einn fulltrúi tilnefndur af hverjum þingflokki, en af hálfu þjóðkirkjunnar kirkjuráð.

Forseti sameinaðs þings og biskup landsins fara með formennsku nefndarinnar sitt árið hvor.

3. gr.

Samstarfsnefndin getur annars vegar sent ályktanir og tillögur til Alþingis eða einstakra nefnda þess, en hins vegar til kirkjupings.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. mars 1982.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Friðjón Þórðarson.